

Knattspyrnudeild KA

Ársreikningur 2024

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Knattspyrnudeildar KA fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu kr. 359,4 millj. samanborið við kr. 441,0 millj. kr. árið 2023. Tap ársins nam kr. 16,5 millj. í samanburði við kr. 47,2 millj. hagnað árið 2023. Heildareignir námu í árslok kr. 96,8 millj. og eigið fé var kr. 74,9 millj.

Félagið tryggði sér á árinu keppnisrétt í evrópukeppni á árinu 2025 og hafa verið gjaldfærðir í uppgjörinu áfallnir bónusar til leikmanna og þjálfara í tengslum við það. Engar tekjur hafa verið færðar hjá félaginu vegna árangurs ársins en þær munu falla til á árinu 2025 en á móti því mun koma ferðakostnaður og annar kostnaður vegna þátttöku í evrópukeppninni. Félagið spilaði leiki í evrópukeppni á árinu 2023 sem hafði veruleg áhrif á bæði tekjur og gjöld félagsins það ár sem að skýrir að stórum hluta miklar sveiflur í rekstrinum milli ára. Tekjur vegna félagaskipta leikmanna námu kr. 7,3 millj. á árinu 2024 samanborið við kr. 4,7 millj. á árinu 2023. Sjá má skiptingu annarra rekstrartekna og gjalda á sundurliðunarblaði með ársreikningnum.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og meðferð á rekstrarafkomu ársins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Knattspyrnudeildar KA og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Akureyri, 19. febrúar 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur Erlingsson
Johann Gunnar Sigurðsson

Sigurður

Þóður Sanna Þorvaldsson

Ríbert Már Kristjánsson

Hristou Berghina Magnúsdóttir

Ragnar Már Þorgrímsson

Skuli Kjartansson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Knattspyrnudeildar KA

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar KA fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja

Óhæði

Við erum óháð Knattspyrnudeild KA í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar KA. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi félagsins eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 19. febrúar 2025

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, 600 Akureyri



Niels Guðmundsson

lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|-------|--------------|-------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Miðasala..... | | 13.970.426 | 13.604.166 |
| Auglýsingar og samstarfsaðilar..... | | 84.208.295 | 81.416.950 |
| Útsendingarréttur..... | | 19.959.992 | 23.191.963 |
| Aðrar rekstrartekjur..... | | 241.287.981 | 322.779.951 |
| | | 359.426.694 | 440.993.030 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Vörukaup og kostnaður vegna fjáraflana..... | | 42.003.624 | 36.505.227 |
| Laun og launatengd gjöld..... | 3 | 172.961.759 | 164.447.216 |
| Rekstur mannvirkja..... | | 9.097.334 | 1.512.538 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður..... | | 7.614.090 | 7.260.083 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | | 147.545.071 | 187.162.922 |
| Afskriftir og niðurfærslur..... | 4 | 1.710.977 | 1.822.551 |
| | | 380.932.855 | 398.710.537 |
| Rekstrarhagnaður (-tap) | | (21.506.161) | 42.282.493 |
| Hlutdeild í rekstri Þór/KA | 7 | (427.581) | 1.644.626 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur..... | | 7.454.416 | 2.504.255 |
| Vaxtagjöld og verðbætur..... | | (2.061.705) | (1.868.416) |
| Gengismunur..... | | 28.956 | 2.682.050 |
| | | 5.421.667 | 3.317.889 |
| Hagnaður (tap) ársins | | (16.512.075) | 47.245.008 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|--|-------|-------------------|--------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Áhöld og búnaður..... | 4 | 0 | 241.596 |
| Leikmenn..... | 4 | 6.858.824 | 3.528.205 |
| | | <u>6.858.824</u> | <u>3.769.801</u> |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum..... | 7 | (915.954) | (1.188.374) |
| Fastafjármunir samtals | | 5.942.870 | 2.581.428 |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur..... | 5 | 15.747.387 | 9.665.200 |
| Kröfur vegna félagaskipta..... | | 1.505.000 | 11.287.500 |
| Aðrar skammtímakröfur..... | | 1.023.467 | 11.447.548 |
| Verðbréfaeign..... | | 37.754.514 | 40.665.939 |
| Handbært fé..... | | 34.833.278 | 42.290.444 |
| | | <u>90.863.646</u> | <u>115.356.631</u> |
| Eignir samtals | | <u>96.806.516</u> | <u>117.938.059</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eiginfjárreikningur..... | 6 | 74.857.727 | 90.769.802 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir..... | | 9.727.704 | 9.604.603 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur..... | | 3.846.420 | 4.607.427 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | | 8.374.664 | 12.956.226 |
| | | <u>21.948.788</u> | <u>27.168.256</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>96.806.516</u> | <u>117.938.059</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|--|-------|--------------------------|--------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins..... | | (16.512.075) | 47.245.008 |
| Afskriftir..... | 4 | 1.710.977 | 1.822.551 |
| Aðrir liðir..... | | (10.682.666) | (7.067.298) |
| | | <u>(25.483.764)</u> | <u>42.000.261</u> |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur lækkun (hækkun)..... | | 14.124.394 | 8.096.563 |
| Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun..... | | (4.458.461) | (4.393.012) |
| | | <u>9.665.933</u> | <u>3.703.551</u> |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | (15.817.831) | 45.703.812 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð verðbréfa..... | | 0 | (50.000.000) |
| Söluverð verðbréfa..... | | 6.750.000 | 10.000.000 |
| Söluverð leikmanna..... | | 7.371.671 | 4.956.733 |
| Kaupverð leikmanna..... | 4 | (5.000.000) | 0 |
| | | <u>9.121.671</u> | <u>(35.043.267)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Skammtímalán, breyting..... | | (761.007) | (3.870.040) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé..... | | (7.457.167) | 6.790.505 |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | | 42.290.444 | 35.499.939 |
| Handbært fé í árslok..... | | <u><u>34.833.278</u></u> | <u><u>42.290.444</u></u> |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Knattspyrnudeild KA er deild innan Knattspyrnufélags Akureyrar. Ársreikningur deildarinnar er hluti af samstæðuuppgjöri Knattspyrnufélags Akureyrar. Undir ársreikning deildarinnar falla Knattspyrnudeild KA kt. 510991-1849 og Unglingaráð knattspyrnudeildar KA kt. 490101-2330. Aðsetur félagsins er að Dalsbraut, 600 Akureyri.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Knattspyrnudeildar KA er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Einnig er horft til ákvæða í leyfiskerfi KSÍ. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs- reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Óefnislegar eignir

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færist á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárliða.

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á herra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjaldfært á söluári.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2024 | 2023 |
|---|--------------------|--------------------|
| Laun og verktakagreiðslur..... | 71.694.570 | 60.282.879 |
| Dagpeningar og tengdar greiðslur | 87.721.298 | 92.194.660 |
| Launatengd gjöld | 12.874.159 | 11.729.536 |
| Tryggingabætur vegna launa..... | 671.732 | 240.141 |
| | <u>172.961.759</u> | <u>164.447.216</u> |

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | Áhöld og búnaður | Leikmenn | Samtals |
|---|------------------|------------------|------------------|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 241.595 | 3.528.205 | 3.769.800 |
| Viðbót ársins | 0 | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Selt á árinu | 0 | (100.000) | (100.000) |
| Matsbreytingar | 0 | (100.000) | (100.000) |
| Afskriftir | (241.595) | (1.469.381) | (1.710.976) |
| Bókfært verð í árslok | <u>0</u> | <u>6.858.824</u> | <u>6.858.824</u> |

5. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 31.12 2024 | 31.12 2023 |
|----------------------------------|--------------------|------------------|
| Viðskiptakröfur..... | 17.142.187 | 10.215.200 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna..... | <u>(1.394.800)</u> | <u>(550.000)</u> |
| | 15.747.387 | 9.665.200 |

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

| Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig: | 2024 | 2023 |
|---|------------------|----------------|
| Staða í upphafi ársins..... | 550.000 | 5.064.268 |
| Endanleg afskrift tapaðra krafna..... | 0 | (4.586.684) |
| Framlag í afskriftareikning..... | 844.800 | 72.416 |
| | <u>1.394.800</u> | <u>550.000</u> |

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | |
|---------------------------------|---------------------|
| Yfirfært frá fyrra ári | 90.769.802 |
| Matsbreytingar | 600.000 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | <u>(16.512.075)</u> |
| Eigið fé í árslok..... | 74.857.727 |

Skýringar

7. Aðrar upplýsingar

Hlutdeildartekjur

Knattspyrnufélag Akureyrar og Íþróttafélagið Þór hafa gert með sér samstarfssamning um rekstur og uppbyggingu knattspyrnu kvenna á vegum félaganna á Akureyri. Samkvæmt viðauka við samninginn skal rekstrarniðurstöðu hvers uppgjörssárs hjá Þór/KA skipt til jafns milli félaganna. Hlutdeild í rekstri Þórs/KA sem kemur fram í rekstrarreikningi er byggð á uppgjöri félagsins fyrir árið 2024.

Dómsmál og kröfur

Knattspyrnufélag Akureyrar stendur í dómsmáli við fyrrum þjálfara meistaraflokks karla. Dómsmálið var tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands í maí 2024 þar sem Knattspyrnufélag Akureyrar var dæmt til að greiða fyrrum þjálfara liðsins kr. 8,8 millj. auk dráttarvaxta og málskostnaðar að upphæð kr. 2 millj. Knattspyrnufélag Akureyrar hefur áfrýjað niðurstöðu Héraðsdóms til Landsréttar og er búist við niðurstöðu í málinu um mitt ár 2025.

Upplýsingaskrá um leikmenn

Sjá upplýsingatöflu skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa.

Félagaskipti

Sjá félagaskiptatöflur skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa.

Sundurliðanir með ársreikningi

| | 2024 | 2023 |
|--|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Miðasala: | | |
| Íslandsmótið..... | 6.532.475 | 8.813.430 |
| Ársmiðar..... | 947.500 | 1.096.804 |
| Aðrir leikir..... | 6.490.451 | 3.693.932 |
| | 13.970.426 | 13.604.166 |
| Auglýsingar og samstarfsaðilar: | | |
| Styrkir og framlög..... | 81.778.295 | 80.072.950 |
| Aðrar auglýsingatekjur..... | 2.430.000 | 1.344.000 |
| | 84.208.295 | 81.416.950 |
| Útsendingarréttur: | | |
| Íslandsmótið..... | 19.209.992 | 23.191.963 |
| Bikarkeppnir..... | 750.000 | 0 |
| | 19.959.992 | 23.191.963 |
| Aðrar rekstrartekjur: | | |
| Framlög frá UEFA vegna þátttöku í evrópukeppni..... | 19.813.298 | 122.082.630 |
| Framlög frá UEFA vegna barna- og unglíngastarfs..... | 13.565.845 | 10.973.291 |
| Framlag frá KSÍ vegna leyfiskerfis..... | 750.000 | 1.150.000 |
| Tekjur vegna félagaskipta leikmanna..... | 7.271.671 | 4.756.733 |
| Æfingagjöld iðkenda..... | 59.170.644 | 54.459.044 |
| Endurgreiðslur á ferðakostnaði..... | 2.527.422 | 0 |
| Fjárafánir..... | 42.230.681 | 46.513.284 |
| Tekjur vegna móta..... | 87.407.832 | 74.909.164 |
| Tekjur vegna námskeiða..... | 594.000 | 0 |
| Verðlaunafé..... | 1.000.000 | 0 |
| Ferðastyrkur ÍSÍ..... | 5.101.380 | 5.748.186 |
| Ýmsar aðrar tekjur..... | 1.855.208 | 2.187.619 |
| | 241.287.981 | 322.779.951 |
| Rekstrartekjur samtals | 359.426.694 | 440.993.030 |

Sundurliðanir með ársreikningi

| | 2024 | 2023 |
|---|--------------------|--------------------|
| Rekstrargjöld | | |
| Vörukaup og kostnaður vegna fjáraflana | | |
| Vörukaup vegna fjáraflana..... | 34.592.204 | 34.849.822 |
| Búningar, boltar ofl..... | 7.304.293 | 1.662.629 |
| Posaleiga..... | 107.127 | (7.224) |
| | 42.003.624 | 36.505.227 |
| Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun og verktakagreiðslur..... | 71.694.570 | 60.282.879 |
| Dagpeningar og tengdar greiðslur | 87.721.298 | 92.194.660 |
| Launatengd gjöld | 12.874.159 | 11.729.536 |
| Tryggingabætur vegna launa..... | 671.732 | 240.141 |
| | 172.961.759 | 164.447.216 |
| Rekstur mannvirkja | | |
| Húsaleiga..... | 2.498.056 | 1.535.180 |
| Rafmagn, hiti og vatn..... | 130.168 | 72.776 |
| Viðhaldskostnaður..... | 6.001.269 | (185.418) |
| Ræsting, hreinlætisvörur og sorphreinsun..... | 92.841 | 90.000 |
| Öryggisþjónusta..... | 375.000 | 0 |
| | 9.097.334 | 1.512.538 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | |
| Símakostnaður..... | 475.092 | 796.856 |
| Pappír, prentun, ritföng og burðargjöld..... | 65.987 | 61.853 |
| Rekstur tölvukerfa..... | 1.650.994 | 1.342.782 |
| Endurskoðun, bókhald og reikningsskilapjónusta..... | 60.000 | 0 |
| Önnur aðkeypt þjónusta..... | 228.980 | 261.608 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki..... | 688.237 | 1.246.188 |
| Félags- og aðildargjöld..... | 0 | 100.000 |
| Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna..... | 844.800 | 72.416 |
| Gjafir og styrkir..... | 0 | 78.380 |
| Þáttaka í skrifstofu og stjórnunarkostnaði..... | 3.600.000 | 3.300.000 |
| | 7.614.090 | 7.260.083 |
| Annar rekstrarkostnaður | | |
| Auglýsingar..... | 304.990 | 121.520 |
| Kostnaður vegna félagaskipta..... | 1.931.275 | 2.343.025 |
| Húsaleiga vegna þjálfara og leikmanna..... | 36.214.008 | 40.623.543 |
| Annar kostnaður vegna þjálfara og leikmanna..... | 11.248.697 | 7.405.468 |
| Ferðakostnaður og æfingabúðir..... | 93.169.665 | 131.170.798 |
| Rekstur bifreiða..... | 52.228 | 12.000 |
| Aðkeyptur akstur..... | 0 | 337.600 |
| Dómarakostnaður..... | 78.753 | 430.976 |
| Verðlaunapeningar..... | 550.650 | 574.800 |
| Starfsmannatengdur kostnaður..... | 245.443 | 1.174.546 |
| Þjónustugjöld og bankakostnaður..... | (15.944) | 73.160 |
| Ýmis annar kostnaður..... | 3.765.306 | 2.895.486 |
| | 147.545.071 | 187.162.922 |
| Rekstrargjöld samtals | 379.221.878 | 396.887.986 |